

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

62. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 11:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

- 1. Vinna við vegvísi að aðgerðaráætlun samkvæmt bókun 1 með kjarasamningi aðila frá 29. nóvember 2016. – 1701020SA**

Vinnu við vegvísi samkvæmt bókun 1 er lokið. Vegvísir ásamt fylgiskjali verður sendur hlutaðeigandi aðilum eins fljótt og auðið er.

- 2. Ávinnsuréttur kennara á þjónustualdri vegna starfstíma á kjarasamningi sem fer ekki skv. lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sbr. grein 13.2.2.5 í kjarasamningi. – 1701021SA**

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

- 3. 3. Eingreiðsla til kennara í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningi dags 29. nóvember 2016. - 1701023SA**

Niðurstaða:

Sveitarfélag getur hagað ákvörðun sinni um greiðslur til þeirra kennara sem eru í fæðingarorlofi í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur í sveitarfélaginu varðandi eingreiðslur til starfsmanna sem eru í fæðingarorlofi. Upplýsingar um framkvæmd og þá hvort kennarar í fæðingarorlofi eiga að njóta eingreiðslu liggja fyrir hjá launadeildum einstaka sveitarfélaga.

4. Tímasetning útborgunar eingreiðslu samkvæmt grein 1.1.4.

Fyrirspurnir hafa borist vegna greinar 1.1.4 Sérstakar eingreiðslur á samningstíma sem greiða átti út 1. janúar 2017 samkvæmt greininni.

Niðurstaða:

Samkvæmt kjarasamningi á kennari rétt á að fá eingreiðsluna greidda 1. janúar 2017.

5. Ósk kennara um leiðréttingu launa vegna viðbótarnáms í tilfalli þar sem kennarinn skilaði ekki gögnum til vinnuveitanda strax að loknu námi. – 1701026SA

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50